

Nóvember 2019



Efling starfsemi stofnana sjávarútvegs og landbúnaðar á landsbyggðinni fram til ársins 2025

Stjórnarráð Íslands

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Útgefandi:

Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið

Nóvember 2019

anr@anr.is

www.anr.is

Umbrot og textavinnsla:

©2019 Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytið

Efnisyfirlit

1. Almennt.....	4
2. Þróun fjölda starfa hjá stofnunum á landsbyggðinni 2015-2019.	6
3. Sameiginlegar aðgerðir stofnana.....	10

Töfluskrá

Tafla 1 Skipting starfsmanna Fiskistofu 2015 og 2019	6
Tafla 2 Skipting starfsmanna Hafrannsóknastofnunar 2015 og 2019.....	7
Tafla 3 skipting starfsmanna Matvælastofnunar 2015 og 2019.....	8
Tafla 4 Skipting starfsmanna MATÍS ohf. 2015 og 2019.....	9
Tafla 5 Samtals störf Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar og Fiskistofu á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum 2019-2025	11

1. Almenn

Á ríkisstjórnarfundum 4. október 2019 lagði forsætisráðherra áherslu á að ráðherrar skoði sérstaklega hvort þær stofnanir sem ráðuneyti áformi að setja á laggirnar geti verið staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins. Lagði forsætisráðherra fram minnisblað um málið þar sem vísað er til stjórnarsáttmála flokkanna um mikilvægi blómlegrar byggðar um landið allt, jafnt aðgengi allra landsmanna að þjónustu, atvinnutækifærum og lífskjörum. Í minnisblaðinu er einnig vísað til fjölda aðgerða í byggðaáætlun sem ætlað er að jafna aðgengi að þjónustu, jafna tækifæri til atvinnu og stuðla að sjálfbærri þróun byggða. Þá er vísað til ýmissa áforma um breytingar á stofnanafyrirkomulagi hins opinbera; bæði tillögur að sameiningu stofnana auk tillagna um að nýjar stofnanir verði settar á laggirnar.

Í minnisblaðinu segir: „Hlutverk forsætisráðuneytisins er að tryggja að skoðað verði þegar ný starfsemi hefst á vegum ríkisins hvort starfsemin geti verið sett á laggirnar utan höfuðborgarsvæðisins. Samkvæmt byggðaáætlun er árangur af verkefninu mældur í fjölda starfa og starfsstöðva sem settar verða á laggirnar utan höfuðborgarsvæðisins.“ Með minnisblaðinu er áréttað mikilvægi þess að skoðað verði hvort áformaðar stofnanir geti verið staðsettar utan höfuðborgarsvæðisins. Mikilvægt sé að ráðuneyti geti rökstutt ákvarðanir um staðsetningu stofnana.

Í byggðaáætlun er mælt fyrir um það markmið að 10% allra auglýstra starfa í ráðuneytum og stofnunum þeirra verði án staðsetningar árið 2024 þannig að búseta hafi ekki áhrif við val á starfsfólki (liður B.7.) Auk þess verði komið á laggirnar fjarvinnslustöðvum á nánar tilgreindum svæðum á landsbyggðinni (liður B.8). Að auki er almennt hvatt til þess að stuðla að fjölbreyttum störfum og atvinnulífi sem víðast um landið (liður B.9.).

Loks er í tillögu til þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga fyrir árin 2019-2033 sett það markmið að auka fjölbreytni í atvinnulífi um allt land og bæta forsendur fyrir jöfn tækifæri sveitarfélaga óháð stærð og staðsetningu til sjálfbærs vaxtar. Í því felst að ráðuneytum verður falið að ráðast í átak til að fjölga opinberum störfum á landsbyggðinni. Með því móti verði leitast við að styrkja atvinnugrundvöll í nýsameinuðum sveitarfélögum víða um land og nýta um leið stafræna innviði.

Í ljósi framangreinds ákvað sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra að farið yrði kerfisbundið yfir starfsemi undirstofnana á hans forræði með það í huga að leita leiða til að efla starfsemi þeirra á landsbyggðinni á næstu fimm árum. Til þess hefur verið horft við þá vinnu, í samráði við forstöðumenn stofnana, að starfsemi þeirra verði almennt eflað enn frekar á landsbyggðinni og í því sambandi horft m.a. til þess hvar rannsóknarstarf, eftirlit eða þjónusta fer fram. Þá verði leitað leiða til að lækka rekstrarkostnað með því að stofnanirnar verði eftir því sem hentar undir einu þaki á starfsstöðvum utan Reykjavíkur. Um leið hefur verið rætt

um þær áskoranir sem geta falist í því að halda úti mörgum og fámennum starfsstöðvum.

Hér á eftir er gefið yfirlit um þróun starfsstöðva stofnana á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og í framhaldi sett fram sameiginleg stefna um styrkingu starfsemi þeirra á landsbyggðinni.

2. Þróun fjölda starfa hjá stofnunum á landsbyggðinni 2015-2019.

Stofnanir ráðherra sjávarútvegs mála eru þrjár talsins, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun og Matvælastofnun. Auk þess heyra málefni MATÍS ohf. undir málefnasvið hans. Verður hér á eftir fjallað um hverja stofnun fyrir sig.

Starfsfólki Fiskistofu á landsbyggðinni hefur fjölgað mjög á undanförunum árum með því að höfuðstöðvar stofnunarinnar voru fluttar á Akureyri. Stofnunin er með starfsstöðvar á sex stöðum á landinu, svo sem sjá má á þessu yfirliti frá ágúst 2019:

Tafla 1 Skipting starfsmanna Fiskistofu 2015 og 2019

Starfsstöð	2015	2019
Akureyri	5	23
Hafnarfjörður	54	27
Hornafjörður	4	4
Ísafjörður	0	2
Stykkishólmur	3	4
Vestmannaeyjar	1	2
Samtals:	67	62

Hafrannsóknastofnun er með höfuðstöðvar í Reykjavík en mun flytja í árslok 2019 í nýjar höfuðstöðvar í leiguhúsnæði við Fornubúðir 5 í Hafnarfirði. Vegna töflu fyrir árið 2015, hér á eftir, má geta þess að Hafrannsóknastofnun og Veiðimálastofnun voru sameinuð í eina stofnun árið 2016, en starfsmenn Veiðimálastofnunar eru taldir með í tölunni.

Tafla 2 Skipting starfsmanna Hafrannsóknastofnunar 2015 og 2019.

Starfsstöð	2015	2019
Akureyri	1	1
Grindavík	5	5
Hvammstangi	1	2
Hvanneyri	2	3
Ísafjörður	5	6
Ólafsvík	2	4
Reykjavík	106	133
Reykjavík - áhafnir	28	38
Selfoss	2	2
Skagaströnd	1	1
Vestmannaeyjar	2	2
Austurland	0,5	
Samtals:	155,5	197

Matvælastofnun hefur höfuðstöðvar á Selfossi í Árnesþingi. Stofnunin varð til með sameiningu Landbúnaðarstofnunar og matvælasviða annars vegar Fiskistofu og hins vegar Umhverfisstofnunar árið 2008. Stofnunin er með starfsstöðvar víða um land og er hér gefið yfirlit um skiptingu fast ráðinna starfsmanna milli starfsstöðva á umræddu tímabili:

Tafla 3 skipting starfsmanna Matvælastofnunar 2015 og 2019.

Starfsstöð	2015	2019
Selfoss	52	49
Akureyri	7	8
Egilsstaðir	1	2
Rvk./Hafnarfjörður	16	20
Hólar í Hjaltadal	1	1
Hvanneyri	2	3
Ísafjörður	1	1
Sauðárkrókur	4	5
Samtals:	84	89

Matvælarannsóknir, eða MATÍS ohf., urðu til með lögum árið 2006 þegar sameinuðu voru Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins, Matvælarannsóknir Keldnaholti og rannsóknastofa Umhverfisstofnunar. Tilgangur MATÍS ofh. er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis o.fl. Félagið hefur sjálfstæða stjórn en lýtur um leið þjónustusamningi við ANR, sem er endurnýjaður reglulega með hliðsjón af áhersluatriðum stjórnvalda auk þess að þar er mælt fyrir um reglulega upplýsingagjöf, skilgreiningu árangursmælikvarða o.fl.

Tafla 4 Skipting starfsmanna MATÍS ohf. 2015 og 2019.

Starfsstöð	2015	2019
Reykjavík	96	92
Neskaupstaður	3	4
Akureyri	3	1
Ísafjörður	1	1
Sauðárkrókur	3	
Vestmannaeyjar	1	
Suðurland (Selfoss)	1	
Bolungarvík	1	
Samtals:	109	98

MATÍS ohf. hefur nú sett sér markmið um aukið samstarf við einstök fyrirtæki í matvælaframleiðslu sem getur orðið til að auka starfsemi félagsins á landsbyggðinni.

3. Sameiginlegar aðgerðir stofnana

Við stofnanir á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra starfa í heildina 348 starfsmenn. Af þeim starfa í Reykjavík og Hafnarfirði alls 218 starfsmenn, eða um 63%. Um 87% af starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar starfa í Reykjavík (eða í Hafnarfirði frá næstu áramótum). Sambærilegar tölur fyrir Fiskistofu eru 43,5% og fyrir Matvælastofnun 22%. Hjá MATÍS ohf. starfa 98 starfsmenn, langflestir í Reykjavík eða um 94%.

Stofnanir á forræði sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra og MATÍS ohf. munu vinna með ráðuneytinu að þeim aðgerðum, sem hér segir, fram til ársins 2025:

- Stofnanir ráðuneytisins og MATÍS ohf. munu leitast við að ná fram hagræði í rekstri með að starfsstöðvar verði í sama húsnæði.
- Stofnanir ráðuneytisins og MATÍS ohf. munu bjóða starfsmönnum upp á aukinn sveigjanleika varðandi starfsstöðvar. Störf sem ekki eru staðbundin verði að jafnaði auglýst með valmöguleika um staðsetningu á fleiri en einni starfsstöð að gættum markmiðum um eflingu starfsstöðva á landsbyggðinni.
- Stofnanir ráðuneytisins og MATÍS ohf. munu leitast við að efla samstarf við Háskólann á Akureyri og háskólasetur Háskóla Íslands á landsbyggðinni.
- Reglulega verði kannað hvort starfsmenn hafi áhuga á því að skipta um starfsstöð og þannig stutt við markmið um eflingu starfsstöðva á landsbyggðinni.
- Í árslok 2024 verði 10% auglýstra starfa án staðsetningar til samræmis við byggðaáætlun.
- Hafrannsóknastofnun mun á næstu þremur árum ráða í nýjar stöður tengdar fiskeldi á Austurlandi og á Vestfjörðum.
- Matvælastofnun mun koma á fót sérstakri starfseiningu um fiskeldi innan stofnunarinnar. Stofnunin mun á næstu þremur árum ráða í ný störf á því sviði á Austurlandi og á Vestfjörðum.
- MATÍS ohf. mun vinna eftir þeirri stefnu sem félagið hefur sett sér um aukið samstarf við einstök fyrirtæki í matvælaframleiðslu sem getur orðið til að auka starfsemi félagsins á landsbyggðinni.
- Innan fimm ára fjölgi störfum hjá stofnunum ráðuneytisins úr 6 í 14 á Austurlandi úr 41 í 57 á Norðurlandi og úr 10 í 22 á Vestfjörðum. Það gerist einkum með starfsmannaveltu og nýju störfum. Stofnanir ráðuneytisins styðja við markmið ráðherra um fjölgun starfa á landsbyggðinni og munu leggja sig fram um að þau náist.

- Ráðuneytið mun horfa til þess við forgangsroðun fjármuna og mótun áherslna í fjárveitingarbréfum að stutt sé við aðgerðir samkvæmt áætlun þessari.
- Í töflu hér á eftir eru sett fram töluleg markmið um fjölda starfa stofnanna ráðuneytisins á Vestfjörðum, Norðurlandi og Austurlandi. Horft verði til þess að fjölgun starfa þar verði ekki á kostnað annarra landshluta utan höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 5 Samtals störf Hafrannsóknastofnunar, Matvælastofnunar og Fiskistofu á Austurlandi, Norðurlandi og Vestfjörðum 2019-2025

Svæði	2019	2021	2023	2025
Austurland	6	10	12	14
Norðurland	41	47	52	57
Vestfirðir	10	17	20	22

Settur verður á fót stýrihópur ráðuneytisins og forstöðumanna stofnana ráðuneytisins sem verður falið að tryggja framkvæmd þessarar áætlunar. Árlega verður metinn árangur af framkvæmd þessarar áætlunar og upplýsingar birtar í ársskýrslu ráðherra, fyrst árið 2021. Þá verður farið yfir þróun starfsemi MATÍS ohf. á landsbyggðinni á vettvangi stjórnar félagsins.

Reykjavík 12. nóvember 2019

Kristján Þóráðsson

Andri Guðnason

Eyþórir Þorsteinsson

Jón Þóráðsson